



Til skóla- og frístundaráðs
Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði varðandi mælingar á lesskilningi nemenda

Á fundi borgarráðs, 1. október 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins í borgarráði fram svohljóðandi fyrirspurn:

Enda þótt nemendur kunni að vera ágætir í lesfimi (hraða og lestrarlag) eru þeir ekki alltaf eða endilega með góðan lesskilning. Reykjavíkurborg nýtir sér aðferðir stefnumiðaðs árangursmats til að meta lesfimi og hafa það að markmiði að nemendur geti lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar. Án þess að skilja eða meðtaka það sem lesið er, gagnast lestur lítið jafnvel þótt hægt sé að lesa hratt og fumlaut. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um hvaða sérstöku aðferðir/mælingar hafa verið notaðar til að mæla lesskilning nemenda?

Svar:

Lesskilningsskimunin Orðarún er notuð í öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar. Orðarún er á vegum Menntamálastofnunar. Orðarún er lögð fyrir nemendur í 3. til 8. bekk. Mikil og aukin áhersla er á fjölbreyttar lesskilningsaðferðir á öllum skólastigum grunnskóla í Reykjavík.

Á árunum 2002 til 2019 var í öllum grunnskólum borgarinnar lagt fyrir lesskimunarprófið Læsi 2. Tilgangur Læsi 2 var upprunalega, og er enn, að bera kennsl á þá nemendur sem eru líklegir til þess að vera með lestrarerfiðleika. Til þess eru notaðir 45 þættir sem byggja á lestrarfærni, lesskilningi og rökhugsun. Skimunin hefur verið mikið gagnrýnd síðasta áratuginn. Því óskaðu ráðgjafar Miðju máls og læsis eftir því að lagt væri sérfræðimat á skimunarprófið og út frá því yrði tekin ákvörðun um hvort halda skyldi áfram að nota það. Þessi úttekt var gerð haustið 2019. Áður en niðurstöður úr Læsi 2 frá vorinu á undan lágu fyrir.

Umsagnaraðili skilaði skýrslu og segir í samantekt eftirfarandi:

Ljóst er að LÆSI II er löngu úrelt próf. Umræður um gæði þess eru ekki nýjar undir sólinni. Guðmundur Björn Kristmundsson einn af þýðendum prófsins segir jafnframt að prófið sé í dag nýtt í allt öðrum tilgangi en því var ætlað í upphafi. Prófið hefði ekki átt að verða stöðumatstæki eða nýtt til þess að bera saman árganga og skóla (Guðmundur B. Kristmundsson, munnleg heimild, 28. nóvember 2019).

Eins og hefur komið fram (í skýrslu) er prófið fyrir margt löngu komið úr umferð í Noregi. Bara það eitt, hve gamalt prófið er, er forsenda fyrir endurmati á prófinu. Þá vegur þungt að prófið er ætlað börnum sem eru árinu eldri en íslensku börnin, prófið er ekki laust við norsk norm og stöðlun var aldrei gerð. Lagt er til að Reykjavíkurborg skoði það að taka upp Lesmál frekar til þess að fylgjast með þróun lesskilnings ef þörf þykir. Það er íslenskt próf sem hefur verið staðlað á íslenskum nemendum. Prófið veitir kennurum góðar upplýsingar um nemendur sem þeir geta svo hagnýtt við kennslu. Ekki er talið heppilegur kostur að leggjast í þýðingu á nýjasta

norska Kortleggingsprófið. Þar sem það er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt, ásamt því að prófið er að fara í endurnýjun í Noregi.

Úttektin var kynnt skóla- og frístundaráði vorið 2020 og í framhaldi var ákveðið að hætta notkun Læsis 2 og taka þess í stað upp nýtt próf frá Menntamálastofnun sem orðað er í tillögu úttektaraðilans og heitir Lesmál. Það metur lestur og réttitun hjá nemendum í 2. bekk. Prófið veitir kennurum góðar upplýsingar um nemendur sína og greinir þokkalega í hverju vandi nemenda liggur. Prófið metur fjóra þætti lesturs eins og umskráningu og lesskilning ásamt því að meta færni í réttitun og leshraða (lesfimi). Prófið skiptist í átta hluta sem meta:

1. Umskráningu
2. Lestur og lesskilning
3. Lestur og viðbragðssvörun
4. Lestur og lesskilning
5. Hraðlestur og lesskilning
6. Hlustun og réttitun
7. Hlustun og réttitun
8. Orðabil

Í fylgigögnum með Lesmáli kemur fram hvernig staðið var að gagnasöfnun, meðal annars á hverju Lesmál byggir og hvernig staðið var að forprófunum (Sigurgrímur Skúlason, 2017). Aðferðunum sem lýst er við stöðlun og mat próffræðilega eiginleika mælitækisins eru algjörlega í takt við það sem sérfræðingar hafa lagt til. Stöðlunarúrtak Lesmáls voru 470 nemendur, dreift skipulega yfir landið miðað við hlutföll frá Hagstofu. Það að prófið sé staðlað fyrir íslenskt þýði gerir það að verkum að svör nemenda eða hvernig þeim gengur á prófinu er ekki háð búsetu þeirra (Sigurgrímur Skúlason, 2017; Einar Guðmundsson, 2006).

Þá er áreiðanleiki Lesmáls, bæði áreiðanleiki innra samræmis og endurprófunar áreiðanleiki, slíkur að það telst réttmætt að nota Lesmál til leiðsagnar við kennslu nemenda (Sigurgrímur Skúlason, 2017).

Miðja máls og læsis á reglulega fundi með læsissérfræðingum Menntamálastofnunar og á fundi fimfundaginn 22. október síðastliðinn kom fram að á næstu vikum munu verða gefnir út nýir skimunarráttar í tengslum við Lesferil Menntamálastofnunar. Þeir byggjast á ritunarramma og ramma fyrir ítarlegra lesfímimat. Lesfímimiramminn kemur til móts við þá gagnrýni sem hefur komið á lesfímipróf Menntamálastofnunar, að aðeins væri verið að meta hraða, en þessir nýju matsrammar meta tjáningu, sjálfvirkni, hljómfall, flæði og auk þess það sem áður var, lesin orð á mínútu. Þessir þættir byggja ekki bara á lesfimi heldur einnig lesskilningi þar sem tjáning, hljómfall og flæði byggja á því að skilningur er á þeim texta sem lesinn er. Sama má segja um mat á ritun. Allir þessir þættir munu því verða lagðir til grundvallar máti á lestri nemenda í 1. til 10. bekk í grunnskólum.

Kennarar hafa fengið stuðning varðandi eflingu lesskilnings. Fjöldi námskeiða hefur verið haldinn á vegum Miðju máls og læsis fyrir kennara á mið- og unglingsstigi um lesskilningsaðferðir. Einnig hafa reglulega verið haldin sérstök námskeið um lestrarkennslu á yngsta stigi grunnskólans auk lærdómssamfélagshópa. Í þeim hittast 8-12 kennarar reglulega í 8-12 vikur þar sem rætt er um raunprófaðar kennsluáferðir og jafningjahandleiðsla fer fram. Þessu stýra ráðgjafar Miðju máls og læsis en þeir heimsækja einnig kennara í kennslustundir og veita þeim ráðgjöf. Þessi símenntunaraðferð er að vera æ vinsælli meðal kennara.

Fylgigögn:

Læsi II, hefti 2, umsögn

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/36b_skyrsla.pdf